

Nd.

58. Nefndarálit

um frv. til laga um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfélags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefir athugað frumvarp þetta og ástæðurnar fyrir því. Sömnleiðis hefir nefndin leitað upplýsinga nm fjárhagsástæður lífeyrissjóðsins og um óskir Fiskifélagsins fyrir starfsmenn sína. Að þessu athugðu hefir nefndin orðið ásátt um að mæla með frv. Þó þykir nefndinni frv. ekki sjá fyrir, er fastir starfsmenn Búnaðarfélags Íslands ganga úr þjónustu þess, hver rjettur þeirra gagnvart lífeyrissjóði verður þá, og ber því fram svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Aftan við 1. gr. frv. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú fer fastur starfsmaður Búnaðarfélags Íslands úr þjónustu þess, en þess að vera vikið úr þjónustunni, og skal hann þá hafa rjett til endurgreiðslu

iðgjalda eða geymslu lífeyris samkvæmt 4. málsg. 4. greinar laganna, enda láti hann ekki af starfinu með rjetti til lífeyris.

Alþingi, 28. jan. 1928.

Halldór Stefánsson, Hjeðinn Valdimarsson, Hannes Jónsson.
form. og frsm. fundaskrifari.
Sig. Eggerz. Ólafur Thors.